



Alþingi, samgöngunefnd  
Austurstræti 10-14  
150 Reykjavík.

Umsögn þingmannafrumvarpi til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr 60, mál 439, þingskjal 718, 139. lögjafarþing

Fjórðungsþing Vestfirðinga ítrekaði haustið 2010 stefnumörkun sína og kröfu um að endurbyggingu Vestfjarðavegar 60 frá Flókalundi í Bjarkalund yrði hraðað. Á næstu tveim árum er ráðgert að leggja nýjan veg á Skálanesi og um Múlasveit frá Þverá í Kjálkafirði að Eiði í Vattarfirði. Til að ljúka framkvæmdum með öruggum heilsársvegi, verður þá eftir leiðin um Gufudalssveit frá Skálanesi að Bjarkalundi í Reykhólasveit. Sú framkvæmd er í óþolandi biðstöðu og hefur verið síðan Hæstiréttur úrskurðaði um málið í október 2009. Stjórnvöld verða að höggva á þann hnút.

Vegasamgöngur við Vestur-Barðastrandarsýslu eru af þessum sökum vægast sagt í algjörum ólestri. Þessi staða, eins og öllum má ljóst vera, hefur um langt árabil hamlað viðgangi og vexti samfélagsins, búsetu og samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu. Þá má enn og aftur benda á að innan sveitarfélagsins Reykhólahrepps er börnum ekið til og frá skóla daglega um illfæra fjallvegi.

Með það að markmiði að tryggja samfélögum á sunnanverðum Vestfirðum greiðar samgöngur með fyllsta öryggi, hefur Fjórðungsþing Vestfirðinga ítrekað samþykkt að Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit verði lagður samkvæmt leið B, frá Skálanesi, þvert yfir Gufufjörð og Djúpaþfjörð, um Hallsteinsnes og inn með Þorskafirði að vestanverðu. Frá því að úrskurður Hæstaréttar setti málið í hnút eru liðin hartnær tvö ár, framkvæmdin er enn í algerri óvissu og engin lausn í sjónmáli. Framhald málsins gæti tekið mörg ár og engin vissa um niðurstöðu fyrir dómstólum. Alþingi og samgönguyfirvöld geta ekki búið upp á slíkt ástand og verða að grípa inn í atburðarásina og tryggja skjóta niðurstöðu. Minnt er á að fordæmi eru fyrir því að sett séu sérstök lög um málefni sem varða almannahag.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur þingmenn til að skoða alla þá möguleika sem fyrir hendi eru til að tryggja markmið um öruggan heilsársveg á láglandi um Gufudalssveit. Fjórðungssambandið er reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um að skoða allar leiðir sem færar eru til að ná fram því markmiði. Sjái stjórnvöld sér ekki fært að knýja fram lausn sem byggir á svokallaðri B-leið um Gufudalssveit, ber þeim skylda til að koma fram með aðra leið sem uppfyllir sömu markmið um öruggan heilsársveg um Gufudalssveit og getur jafnframt flýtt framkvæmdinni.

Ákvörðun um uppbyggingu Vestfjarðavegar 60 verður að komast inn í nýja samgönguáætlun sem lögð verður fram á Alþingi í haust, þannig að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

Ísafirði 11. maí 2011.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.